

279. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ fimmtudaginn 3. október 2019, kl. 16.00.

Mætt: Haraldur Helgason, formaður, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Hanna Björg Konráðsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Ingvi Hákonarson, fulltrúi Reykjanesbæjar, Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkur og Inga Rut Hlökkversdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Magnús H. Guðjónsson, framkvæmdastjóri, Sonja Hrunn Steinarsdóttir, Stefán B. Ólafsson, Helgi Haraldsson, J. Trausti Jónsson og Ásmundur E. Þorkelsson. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi
2. Umhverfismál – lóðahreinsanir
3. Nefndarlaun fyrir setu í heilbrigðisnefnd Suðurnesja
4. Kynning á tillögu að fjárhagsáætlun fyrir 2020
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Starfsleyfi.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Endunýjun.

- Fríhöfnin ehf., kt. 611204-2130, Fálkavöllum 23, 235 Keflavíkurflugvelli til að reka vörugæmslu fyrir matvæli.
- Fríhöfnin ehf., kt. 611204-2130, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli til að reka verslun með innpökkuð matvæli (brottfararverslun 1. hæð í S-byggingu).
- Fríhöfnin ehf., kt. 611204-2130, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli til að reka verslun með innpökkuð matvæli (brottfararverslun 2. hæð í S-byggingu).
- Fríhöfnin ehf., kt. 611204-2130, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli til að reka verslun með innpökkuð matvæli (komuverslun 1. hæð í N-byggingu).
- Brælbakariíð ehf., kt. 580516-2460, Hafnargötu 2, 190 Vogum til að baka flatökur.
- 22.10 ehf., kt. 440419-1510, Hafnargata 11, 240 Grindavík til að reka bjórgerð á smáum skala (allt að 1000 lítrar á mánuði).

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími leyfa er 12 ár.

- Erna Rún Magnúsdóttir, kt. 260985-3299, Ægisgötu 3, 240 Grindavík til að reka nuddstofu, fótaaðgerðastofu og einkaþjálfunaraðstöðu fyrir allt að 6 notendur.
- Motel Best - Hotel Vogar, kt. 700501-2560, Stapavegi 7, 190 Vogum til að reka hótél með morgunverðaraðstöðu.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfis er 12 ár, nema annað sé tekið fram.


- Stengrimssen Járnsmiðja ehf., kt. 660614-3380, Víkurbraut 3, Reykjanesbæ til reksturs stálsmiðju.
- Icerental4x4 ehf., kt. 700713-0830, Bogatröð 2, 262 Reykjanesbæ til reksturs bílaleigu og bifreiðaverkstæði. Starfsleyfi veitt til eins árs.
- Olíudreifing ehf., kt. 660695-2069, að Berghólabraut í Helgúvík til reksturs olíubirgðastöðvar.
- Atlantsólía ehf., kt. 590269-1749, Stapabraut 21, 260 Reykjanesbæ til reksturs á sjálfsafgreiðslubensinstöð.

Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði fyrir eftirtalda aðila hafa verið auglýst á heimasíðu embættisins (www.hes.is). Nefndin felur embættinu að gefa út starfsleyfi að liðnum fresti til athugasemda og uppfylltum starfsleyfisskilyrðum.

- Isavia ohf., kt. 550210-0370, á Keflavíkurflugvelli til reksturs á skólþælustöð við Djúpuvík og Flugstöð Leifs Eiríkssonar, umsjón með bílastæðum og ytra umhverfi flugstöðvarinnar, rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði og kerfum flugvallarins og flugstöðvarinnar.
- Motorhome ehf., kt. 670314-0730, Bogatröð 11, 262 Reykjanesbæ til reksturs bílaleigu með bifreiðapvotti og bifreiðaverkstæði.

2. Umhverfismál – lóðahreinsanir.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja felur Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að sjá um framkvæmd lóðahreinsana við fyrsta hentugleika og á kostnað eiganda samkvæmt lögum nr. 7/1998 hafi eigendur ekki hreinsað lóðina fyrir veitta lokadagsetningu.



Lóðirnar eru þessar:

Reykjanesbær
Hólmeigsbraut 7
Hólmeigsbraut 9
Hvalvík 4a

Vogar
Iðndalur 8

3. Nefndarlaun fyrir setu í heilbrigðisnefnd Suðurnesja

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja leggur til að nefndarlaun verði eftirfarandi, frá og með 30. júní 2019, að formaður stjórnar fái 5 % af þingfararkaupi, en aðrir stjórnarmenn fái 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

4. Kynning á tillögu að fjárhagsáætlun fyrir 2020

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Nefndin samþykkir áætlunina og felur framkvæmdastjóra að vinna að lausn á fjármögnun aðgerða í umhverfismálum í samráði við stjórn Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum.

5. Önnur mál.

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:00.

Haraldur Helgi
Lárus Jón Halldórsson
Suga Paul Halldórsson
Dimitra Kaudota
Danna Björg Kennard